

Úthlutunarreglur Húnasjóðs.

Stjórn Húnasjóðs veitir árlega styrki úr sjóðnum. Styrkhæfir eru þeir sem stunda fagnám til starfsréttinda eða nám á háskólastigi, þó ekki doktorsnemar. Háskólanemar- og nemar í fagnámi þurfa að hafa lokið námi eftir síðustu úthlutun sjóðsins til að geta fengið styrk.

Húnasjóður veitir einnig styrki vegna námskeiða ef talið er að þau styrki viðkomandi í starfi. Styrkur vegna námskeiða er ekki greiddur út nema við framlagningu reikninga um kostnað viðkomandi námskeiðs.

Umsækjendur þurfa að eiga lögheimili í Húnaþingi vestra og hafa átt það a.m.k. frá 1. desember árið fyrir úthlutun. Námsmenn sem stunda nám erlendis og þurfa að flytja lögheimili sitt þangað geta sótt um styrk, ef lögheimili þeirra hefur verið síðustu 6 mánuði fyrir flutning í Húnaþingi vestra.

Sveitarstjórn ákveður heildarupphæð styrkja á ári hverju, en byggðarráð úthlutar þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar hverju sinni og ákveður upphæð einstakra styrkja, sem geta verið misháir milli einstaklinga. Þó umsækjandi uppfylli öll skilyrði tryggir það ekki styrk.

Úthlutun byggðarráðs er endanleg og þarfnast ekki rökstuðnings og verður ekki vísað til æðra stjórnvalds.

Umsækjandi getur einungis fengið styrk einu sinni úr sjóðnum.

Samþykkt á 1056. fundi byggðarráðs 14. september 2020.

Staðfest á 331. fundi sveitarstjórnar þann 8. október 2020.